Rock og Cha cha cha

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Ragnar Bjarnason

Hann var ungur og átti heim' í bænum
alltaf var hann á ralli nótt og dag.
Hann var sendur í sveit í einum grænum
svo á hann kæmist lag.

Því þar bjó gamall bóndi sem að átti
nokkurt bú sem hann rak af mestu snilld.
Og með hörku hafði hann alltaf stjórnað
hjúum eftir vild.

Svo kappinn kom í mjólkurbílnum um kvöld í nóvember
og kvaðst hér kominn til að vera með kurt sem vera ber.

Og honum fannst þarna vera frekar dauflegt
sem furða ekki nokkur var.
Því alltaf hreint eitthvað þurfti að gera
og annast skepnurnar.
En bóndinn átti unga og káta dóttur
sem álitleg mjög og fögur var.
Hana langaði til að læra að dansa
svo létt og hann var þar.

Og á kvöldin þau fóru ein í fjósið
því að þá þurftu kýrnar tugguna.
Og í auðum bás þau æfðu að dansa
Rock og cha cha cha.

En karlinn komst að þessu öllu og kvaðst ei vilja það.
Það væri best að brátt hann færi á burt já nema hvað.

Og nú er hann svo aftur hingað kominn
og hún ein má nú hirða gripina.
Og hún aldrei oftar fær að dansa
Rock og cha cha cha.
Rock og cha cha cha
Roooock oooog chhhha chhhha cha.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.